



LISTASAFN ÍSLANDS

Fríkirkjuvegur 7, P.O. Box 668, 121 Reykjavík, © 562 1000, fax 562 1312

Alþingi
Erindi nr. P 126/1201

komudagur 6.2.2001

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík
c/o Ágúst Geir Ágústsson

Reykjavík 1.02. 2001

Safnráð Listasafns Ísland vísar til bréfs Menntamálanefndar Alþingis 14. des. 2000 þar sem óskað er umsagna um frumvörp til laga um þjóðminjalög, safnalög og um flutning menningarverðmæta ... til annarra landa. Safnráð fjallaði um erindið á fundi sínum 1.02 2001.


Safnráð Listasafns Íslands fagnar þeim áformum að sett verði safnalög er kveði á um skipulag lista- og menningarsafna í því skyni að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar. Þá lýsir safnráð yfir ánægju sinni með að gert sé ráð fyrir langtímaáætlun um starfsemi lista- og menningarsafna.

Safnráð lýsir sig samþykkt því ákvæði frumvarpsins að Listasafn Íslands sé höfuðsafn á sviði myndlistar og að það skuli vera – eins og það hefur verið – miðstöð rannsókna, heimildarsöfnunar og kynningar á íslenskri myndlist. Safnráð vekur athygli á því, að við framlagningu þeirra lagafrumvarpa sem hér um ræðir, fjalla ein drög um annað höfuðsafn landsins, Þjóðminjasafnið. Safnráð telur eðlilegt, að áður en lokið verður þessari endurskoðun liggi jafnframt fyrir endurskoðun á lögum um Listasafn Íslands. Safnráð vill vekja athygli á, að núverandi skipan mála um stjórn safnsins og innkaup listaverka til þess hefur gefist vel og vill leggja áherslu á mikilvægi þess að safnið hafi gott og traust samband við samtök listamanna.

Safnráð Listasafns Íslands vill jafnframt lýsa þeirri skoðun sinni að óeðlilegt sé, að í drögum að safnalögum, samanber 7. gr. sé þjóðminjaverði falið það hlutverk m.a. að ákveða lán verka úr Listasafni Íslands til sýninga erlendis. Þá bendir safnráð á, að 8. gr. frumvarpsins um safnalög virðist stangast á við alþjóðareglur um höfundarétt sem Ísland er aðili að og gildandi höfundalög.

Með vísan til frumvarps til laga um flutning menningarverðmæta úr landi ... til annarra landa, vill safnráð Listasafnsins lýsa þeirri skoðun sinni að ákvæði 2., 3., og 4. gr. séu með þeim hætti að þau gætu stangast á við alþjóðasamninga sem Íslendingar kunna að vera bundnir af. Safnráð vill vekja athygli á, að það telur í hæsta máta óeðlilegt – samanber 2. gr., 3, 4, 5 og 6 tölulið – að þjóðminjavörður veiti formlegt leyfi til útflutnings listaverka og telur að slík ákvarðanatáka eigi að falla undir safnstjóra Listasafns Íslands.

Með kveðju og vinðingu



Knútur Bruun
formaður safnráðs Listasafns Íslands



Ólafur Kvaran
safnstjóri Listasafns Íslands